

38. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Menningarhúsinu Hofi 4. mars 2014 kl. 12.00

Mættir: Hulda Sif Hermannsdóttir, Arne V. Olsen, Ágústa Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingrimundardóttir og María H. Tryggvadóttir.
Finnur Jóhannesson og Kristinn Kristjánsson gátu ekki mætt.

María H. Tryggvadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Að skoða tillögur um verkefni varðandi úthlutun á fjármagn úr afmælisjóð Akureyrarbæjar til umhverfismála í hverfinu. Búið er að útbúa FBsíðu fyrir hverfið “Síðuhverfi” þar sem íbúar eru hvattir til að koma með hugmyndir að verkefnum og úrbótum.

Leitað var til Síðuskóla og leikskólanna þriggja í hverfinu um að koma upplýsingum um FB síðuna, verkefnið og netfang hverfisnefndarinnar áfram til foreldra og kennara sem búsettir eru í hverfinu. Þau verkefni sem rædd voru á fundinum og ákveðið var að skoða nánar voru:

1) Hreystibraut við Síðuskóla

Útbúa hreystibraut við skólann sem nýtist jafn börnum í hverfinu sem og öðrum íbúum. Fyrirmynd verkefnisins má m.a. finna í Stykkishólmi og við fleiri grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið var að kanna hvað slíkar brautir kosta, hversu mikið svæði þarf undir þær og hvort megi setja slíka braut við Síðuskóla. Einnig að kanna reynslu þeirra skóla sem eru með slíkar brautir varðandi nýtingu og viðhald.

2) Rusladallar

Rætt var um hvort nóg væri af rusladöllum í hverfinu og hvort þörf væri að bæta við t.d. með því að setja upp dalla við annað hvert strætóskýli. Kanna þarf stöðu á þessum málum í hverfinu og ef þörf reynist, hver kostnaðurinn er við að bæta við döllum.

3) Grenitré

Rætt var um að setja upp grenitré miðsvæðis í hverfinu sem nýta mætti sem “endurnýtanlegt” jólatré sem skreytt yrði um hver jól. Reynt yrði að planta eins stóru tréi og mögulegt er.

4) Freesbee - völlum

Hugmynd um að búa til freesbeevöllum í hverfinu var rædd og ákveðið að kanna hvað slíkt kostar. Slíkur völlum hentar öllum aldursflokkum en helst þarf að nota sérhæfa freesbee diska og því ekki víst að stór hópur muni nýta sér hann. Kanna þarf því fyrst kostnað og hvort hugmynd sé að byrja á takmörkuðum velli, t.d. 3 körfum.

Fyrir utan ofangreindar hugmyndir var einnig lagt til að rætt yrði við Framkvæmdardeild bæjarins um að flytja skilti “um fjölda barna í hverfinu” til eins og hugmyndin var þegar skiltin voru sett upp fyrst. Með því næst ný athygli á skiltunum og vonandi tilætlaður árangur - að hægja á umferð.

Fundið slitið kl. 13.00